

FYRIRMÆLI
til Grundarfjarðarbæjar
kt.: 520169-1729
um frágang og vöktun urðunarstaðar í landi
Hrafnkelsstaða
landnúmer: 136625

Sett fram í samræmi við 43. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

1.1. Fyrirmæli um frágang og vöktun

Umhverfisstofnun gefur eftirfarandi fyrirmæli um frágang og vöktun urðunarstaðar í landi Hrafnkelsstaða sem lokað hefur verið, með landnúmer 136625, sbr. 43. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Urðunarstaðurinn afmarkast af eftirfarandi hnitum (ISN93):

<u>X</u>	<u>Y</u>
304437,42	497731,65
304530,20	497613,15
304582,65	497726,43

1.2. Ábyrgð rekstraraðila

Grundarfjarðarbær, kt. 520169-1729, ber ábyrgð á viðhaldi urðunarstaðarins í landi Hrafnkelsstaða og vöktun og greiningu vatns í nágrenni hans, sbr. 43. gr. laga nr. 55/2003.

Grundarfjarðarbær er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Fari rekstraraðili ekki að fyrirmælum Umhverfisstofnunar um vöktun skal Umhverfisstofnun láta vinna verkið á kostnað rekstraraðila.

Rekstraraðili skal bera kostnað af þinglýsingu þessara fyrirmæla um frágang og vöktun og aflýsingu þeirra að vöktunartímabili loknu, sbr. 43. gr. laga nr. 55/2003.

1.3. Starfsleyfistrygging

Ekki er gerð krafa um starfsleyfistryggingu, sbr. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 55/2003.

1.4. Frágangur urðunarstaðarins

Rekstraraðili skal haga frágangi í samræmi við þær ráðstafanir sem kynntar eru í lokunarátætlun sem lögð var fram 12. mars 2012. Skal frágangi hvers áfanga ljúka í síðasta lagi sem hér segir:

1. áfangi: Árið 2013.
2. áfangi: Árið 2014.
3. áfangi: Árið 2015.
4. áfangi: Árið 2016.
5. áfangi: Árið 2017.
6. áfangi: Árið 2018.

Auk þess sem fram kemur í lokunarátætlun gerir Umhverfisstofnun kröfu um að það jarðvegslag sem hylur urðunarstaðinn sé a.m.k. 1 m þykkt og að yfirborð þess sé mótað með þeim hætti að ofanvatn renni sem greiðlegast frá urðunarstaðnum en sígi ekki ofan í úrganginn. Jafnframt skal reyna að láta afrennslishalla yfirlags fylgja landslagi og að frágangi loknum skal svæðið falla sem best að umhverfi.

Rekstraraðila ber að haga frágangi í samræmi við skipulagslög.

Rekstraraðila ber að tilkynna til Umhverfisstofnunar innan mánaðar frá því að frágangi urðunarstaðarins lýkur að fullu.

1.5. Sigvatn

Sigvatni var ekki safnað á rekstrartíma urðunarstaðarins og því er ekki gerð krafa um söfnun þess og hreinsun eftir lokun.

1.6. Hauggas

Starfsleyfi veitti ekki heimild til urðunar lífræns úrgangs og því er ekki gerð krafa um söfnun hauggass eftir lokun.

1.7. Fyrirkomulag vöktunar

Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Hvenær frágangi síðasta áfanga lauk, sbr. gr. 1.4.
2. Breyting á umfangi urðaða úrgangsins (sig): Árleg mæling.
3. Niðurstöður mælinga á stöðu og samsetningu grunnvatns, sbr. gr. 1.8.
4. Magn úrkomu: Daglega og mánaðarúrkoma.
5. Hitastig: Meðalhiti mánaðar.
6. Uppgufun: Daglega og mánaðaruppgufun.
7. Loftraki: Meðalraki mánaðar.

Ef upplýsingar um veðurfar liggja fyrir frá nálægri veðurstöð má styðjast við þær.

Rekstraraðili skal skila niðurstöðum framangreindra skráninga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003.

1.8. Mælingaáætlun

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á grunnvatni skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Tekin skulu sýni af grunnvatninu þar sem meðalsamsetning er dæmigerð.

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd sýnatöku og mælinga og fá til þess aðila sem Umhverfisstofnun samþykkir.

Rekstraraðili skal vakta grunnvatn samkvæmt eftirfarandi mælingaáætlun:

	Mæli-/sýnatökustaður	Mælipættir	Tíðni
Staða grunnvatns	Mælibrunnar: a) ofan urðunarstaðar b) tveir neðan urðunarstaðar	Hæð grunnvatnsborðs	Tvisvar á ári; fyrir 1. maí og 1. okt.
Samsetning grunnvatns	Mælibrunnar: a) ofan urðunarstaðar b) tveir neðan urðunarstaðar	Hitastig, leiðni, pH, ammóníum (NH_4^+), nítrat (NO_3^-), fosfór (P_{heild}), olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX), blý (Pb), kadmíum (Cd), kvikasilfur (Hg), tin (Sn)	Einu sinni á ári; fyrir 1. okt.

Mælibrunnar skulu staðsettir sem næst eftirfarandi hnitum (ISN93):

<u>X</u>	<u>Y</u>
304363,69	497759,31
304562,92	497587,44
304568,01	497770,22

1.9. Tilkynningaskylda vegna mengunar

Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun um hvers konar skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við vöktunina og hlíta ákvörðun stofnunarinnar um nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta. Þær aðgerðir skulu vera á kostnað rekstraraðila, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

1.10. Endurskoðun vöktunar

Umhverfisstofnun skal endurskoða fyrirkomulag vöktunar á þriggja ára fresti, sbr. 3. mgr. 43. gr. laga nr. 55/2003.

Reykjavík, 5. desember 2012

Umhverfisstofnun

Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri

Gunnlaug Einarsdóttir
sviðsstjóri